

Umhverfisráðuneytið
Sesselja Bjarnadóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. maí 2006
2006050028/42-4
KHS/rsb

Umsögn um undanþágu til að veiða 100 lunda við Vestmannaeyjar í júní og júlí 2006

Vísað er til bréfs umhverfisráðuneytis dags. 19. maí sl., þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á undanþágu fyrir Hafrannsóknarstofnun til að veiða 100 lunda við Vestmannaeyjar í júní og júlí 2006 vegna stofnmælinga (vöktunar) á marsílum við Ísland. Í bréfinu kemur fram að rannsókninni er m.a. ætlað að athuga hvort fæða tveggja tegunda þekkra afræningja á marsíli endurspegli stofngerð marsílis sbr. rannsóknáætlun.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við veitingu þessa leyfis með því skilyrði að ekki verði skotið nær björgum en 500 m á sjó og 200 m á landi sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 64/1994.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

